

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann gegn hæfilegri þóknun til þess að annast framkvæmd á innheimtu fylgiréttargjaldsins og skilum á því til viðkomandi listamanna.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiréttargjaldi sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar, er nemi þó aldrei meiru en 15% af því fylgiréttargjaldi sem innheimt er.

7. gr.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna úthlutar starfslaunum úr sjóðnum að fengnum tillögum þriggja manna ráðgjafarnendar, sem stjórn og fulltrúaráð SÍM tilnefni til tveggja ára frá mismunandi myndlistargreinum. Starfslaun skal að jafnaði ekki veita til lengri tíma en eins árs í senn.

Stjórn Starfslaunasjóðs myndlistarmanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun í maímánudi ár hvert. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um starfslaun úr sjóðnum. Að öðru leyti ákveður stjórnin og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

Stjórnin ákveður í hverju tilviki hvernig útborgun starfslauna skuli háttað.

Stjórnin skal taka árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir vegna starfslaun úr sjóðnum. Skýrslan skal send menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. lögum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. og 7. gr. laga nr. 36/1987 og öðlast hún þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um meistaranám og útgáfu meistarábréfa.

1. KAFLI

Meistaránám.

1. gr.

Markmið meistaranáms er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

2. gr.

Meistaránám fer fram í iðnfræðsluskólum að fenginni heimild ráðherra. Nám þetta skal skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og sé það eftir því sem við verður komið tengt iðnfræði- og tæknifræðinámi.

3. gr.

Þeim einum, sem lokið hafa fullgildu sveinsprófi og unnið undir stjórn meistara í a.m.k. 1 ár, skal leyft að hefja nám í meistaraskóla samanber 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1976.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur sameiginlegar námskrár fyrir allar iðngreinar eða hóp iðngreina í almennum greinum, rekstrarfræðum, verkfyrirsögn og verkkenndu.

Menntamálaráðuneytið setur námskrár í bóklegri og verklegri iðnfræði iðngreinar að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Kostnaðarskipting við meistaránám skal fara eftir reglum sem ráðherra setur um öldungadeildir á framhaldsskólastigi eins og þær eru hverju sinni.

2. KAFLI

Útgáfa meistarabréfa.

5. gr.

Þeir, sem lokið hafa sveinsprófi fyrir 1. janúar 1989, þurfa ekki að stunda nám við meistaraskóla til þess að fá útgefið meistarabréf. Þeim er þó heimill aðgangur að meistaraskóla. Þeir sem ljúka sviensprófi 1. janúar 1989 eða síðar, skulu stunda nám við meistaraskóla með fullnægjandi árangri til þess að fá útgefið meistarabréf.

6. gr.

Iðnráð skulu athuga hverja umsókn um meistarabréf vandlega og gæta þess að uppfyllt séu öll skilyrði iðnaðarlaga nr. 42/1978 um veitingu bréfsins. Þau skulu gefa lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum umsögn um umsóknina og skal þar tekið fram hvort meistarabréf skulu árituð eða ekki (sjá 8. gr.).

7. gr.

Meistarabréf skulu vera gefin út á tvennan hátt:

Til handa þeim, sem lokið hafa meistaraskóla, skal gefið út meistarabréf, með áritun um að meistaránámi sé lokið og skal útgáfudagur prófskírteinis einnig tilgreindur. Til handa þeim, sem ekki hafa lokið meistaraskóla skal gefið út meistarabréf án áritunar.

8. gr.

Þeim, sem lokið hafa námi í meistaraskóla eða á löggildingarnámskeiðum á undanförunum árum skv. ákvæðum í lögum og reglugerðum, skal heimilað að leysa til sín meistarabréf, með áritun um að þeir hafi lokið meistaraskólanámi. Iðnráð skulu veita umsagnir um allar slíkar umsóknir.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum 40.—43. greinar laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sólrún Jensdóttir.